

Stjórn Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga
Austurvegur 56
800 Selfossi

Selfossi, 2. desember 2025

Efni: Afgreiðsla aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands 24. október sl. á tillögum stjórnar um breytingu á rekstri Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Á aðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands bs. (SOS) þann 24. október sl. voru samþykktar tillögur stjórnar sem varða breytingu á umgjörð og rekstri SOS. Gott samtal hefur verið á milli formanna stjórnar Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og SOS ásamt ríkri samvinnu við framkvæmdastjóra SASS vegna verkefnisins og samþykkti stjórn SOS á fundi sínum þann 2. desember sl. að senda formlegt erindi til stjórnar SASS vegna málsins svo unnt sé að stíga næstu skref vegna verkefnisins.

Hinar samþykktu tillögur fólu í sér eftirfarandi atriði:

Liður 1

- Að hafin yrði vinna við undirbúning breytinga á rekstri og starfsemi SOS þar sem daglegur rekstur og faglegt starf SOS verði falið SASS á grundvelli samnings þess efnis.
- Unninn verði samningur um nánari útfærslu verkefna auk þess að kveðið verði með skýrum hætti á um hlutverk og skyldur hvors samningsaðila fyrir sig.
- Farið verði yfir fjármögnun verkefna SOS þannig að unnt verði að útfæra fjármögnun verkefnanna í samningi SOS og SASS.
- Undirbúnað verði breytingar á samþykktum SOS eftir því sem þörf verður á, vegna þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á rekstri og starfsemi SOS skv. framangreindu og að stjórnarmönnum verði fækkað úr 5 í 3.

Liður 2

- Undirbúin verði tímabundin ráðning starfsmanns til 1 árs hjá SASS á kostnað SOS sem fari með daglegan rekstur verkefna SOS og að taka saman og greina nánar þau tækifæri til samstarfs og samvinnu sveitarfélaga á starfssvæði SASS í úrgangsmálum og hvað nánara samstarf á þessum vettvangi geti haft í för með sér til hagsbóta fyrir sveitarfélög á svæðinu.
- Unnin verði nánari útfærsla á starfslýsingu starfsmannsins ásamt nánari kostnaðargreiningu.

Liður 3

- Unnið verði að breytingum á samþykktum sem heimili SOS að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að leggja ákvarðanir um endurgreiðslu fjárframlaga til aðildarsveitarfélaga fyrir aðalfund til samþykktar.

Liður 4

- Unnin verði nánari kostnaðargreining í samvinnu við stjórn SASS vegna allra breytinganna, skv. framangreindum liðum. Kostnaðargreiningin skal vera sundurliðuð eins og kostur er og greina skal á milli kostnaðar vegna liða nr. 1 og 3 og svo vegna liðar nr. 2 vegna ráðningar starfsmanns til SASS á kostnað SOS.
- Unnin verði tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun SOS fyrir árið 2026 á grundvelli framangreindrar kostnaðargreiningar.

Í stuttu máli felur framangreint í sér að SOS verði áfram til sem lögaðili með lagalegar skuldbindingar og skyldur gagnvart aðildarsveitarfélögum til rækslu þeirra verkefna sem samþykktir þess kveða á um. Með samningi við SASS yrðu öll verkefni og faglegt starf unnin hjá SASS. Stjórn SOS myndi starfa áfram en færi ekki með daglegan rekstur byggðasamlagsins með sama hætti og nú er, sem er, að óbreyttu, ekki nógu skilvirkt fyrirkomulag að mati stjórnar.

Verkefni sem stjórn leggur til að færð verði til vinnslu hjá SASS eru m.a. eftirtalin:

- Lokun og vöktun urðunarsvæðis að Kirkjuferjuháleigu 3 í Ölfusi. Fasteignin verður áfram skráð eign SOS og ábyrgð verkefnisins er áfram formlega hjá SOS.
- Fjármálastjórn SOS, að því marki sem unnt er skv. sveitarstjórnarlögum.
- Umsjón og hagsmunagæsla vegna eignarhluta í Orkugerðinni ehf. Eignarhluturinn verður áfram skráður á SOS en fjármálastjórn vegna Orkugerðarinnar ehf. færist til SASS.

Samningar og breytingar á samþykktum SOS verða í framhaldi lagðar fyrir aukaaðalfund til samþykktar og í kjölfarið fyrir sveitarstjórnir allra aðildarsveitarfélaga, sbr. gr. 8.1 í samþykktum SOS.

Tillaga stjórnar SOS að breytttri umgjörð á starfsemi SOS felur í sér að starfsmaður verði ráðinn til SASS, til þess að sinna verkefnum og starfsemi SOS. Starfsmaðurinn myndi einnig nýttast SASS, að hluta, í verkefnum á sviði úrgangsmála, og myndi heyra undir boðvald framkvæmdastjóra SASS.

Afrakstur framangreindrar greiningarvinnu starfsmannsins nýtist svo til ákvörðunar á aðalfundi SOS, að ári liðnu, enda liggja þá fyrir forsendur nánara samstarfi á sviði úrgangsmálum. Sveitarfélögin hafa þá forsendur til þess að meta hvert sé besta fyrirkomulag á rekstri þeirra

verkefna sem SOS sinnir fyrir aðildarsveitarfélögin og hverjar séu forsendur frekara samstarfs á Suðurlandi í úrgangsmálum.

Fjármögnun framangreindra verkefna, undirbúnings breytinganna og kostnaðar við rekstur verkefna SOS og framangreinds stöðugildis skal tryggja í fjárhagsáætlun SOS fyrir viðkomandi tímabil.

Í fyrirliggjandi útfærslu breytinga á samþykktum er jafnframt gert ráð fyrir að 3 manna stjórn SOS skuli að jafnaði skipuð fulltrúum aðildarsveitarfélaga sem fara samtímis jafnframt með stjórnarsetu í SASS.

Nánar um framangreindar tillögur er vísað til meðfylgjandi greinargerðar með tillögunum til aðalfundar SOS, sem er fylgiskjal með bréfi þessu, ásamt öðrum fyrirliggjandi gögnum.

Að fenginni framangreindri afgreiðslu aðalfundar SOS hefur verið unnið að drögum að samningi á milli SASS og SOS henni til samræmis ásamt kostnaðargreiningu, viðauka við fjárhagsáætlun, starfslýsingu viðkomandi starfsmanns o.fl. Vinna þessi hefur átt sér stað með aðkomu formanna og varaformanna stjórnar SASS og SOS í samvinnu við framkvæmdastjóra SASS ásamt því að fengin hefur verið aðkeypt lögfræðipjónusta vegna verkefnisins á kostnað SOS. Framangreind gögn voru lögð fyrir stjórnarfund SOS þann 2. desember 2025 og þar samþykkt að leggja þau fyrir aukaaðalfund SOS sem fyrirhugaður er eigi síðar en 12. janúar 2025 ásamt tillögu að breytingu á samþykktum vegna verkefnisins og viðauka við fjárhagsáætlun SOS vegna málsins. Eru áður nefnd gögn jafnframt meðfylgjandi erindi þessu.

Með vísan til alls framangreinds óskar stjórn SOS formlega eftir því við stjórn SASS að samþykkt verði aðkoma SASS að verkefninu í samræmi við fyrirliggjandi ályktanir aðalfundar SOS og meðfylgjandi samningsdrög. Í framhaldinu verði málið sent til afgreiðslu aðildarsveitarfélaga SASS til samþykktar.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands,

Ása Valdís Árnadóttir, stjórnarformaður

Fylgiskjöl:

- Minnisblað 8. október 2025

- Fundargerð aðalfundar SOS 24. október 2025
- Tillögur stjórnar fyrir aðalfund SOS 24. október 2025 ásamt greinargerðum
- Samningur SASS og SOS 2025
- Drög að samningi milli SASS og SOS vegna breytinga
- Kostnaðargreining
- Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun SOS
- Drög að starfslýsingu v. fyrirhugaðrar ráðningar í stöðugildi hjá SASS til að sinna verkefnum SOS